



FJÖLMÍÐLAFRUMVARPIÐ OG FRÉTTIRNAR

***Samanburður á fréttáflutningi Stöðvar 2 og
Ríkissjónvarpsins af fjölmiðlafrumvarpinu
vorið 2004***

Unnið fyrir fréttastofu Stöðvar 2

Kjartan Ólafsson

maí 2004

Stutt samantekt

- Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um og leggja mat á fréttáflutning sjónvarpsstöðvanna af svokölluðu fjölmiðlafrumvarpi.
- Rannsóknin náði yfir tímabilið frá 20. apríl og til 7. maí og var gagna aflað frá Ríkissjónvarpinu og Stöð 2 sem létu í té myndbandsupptökur af fréttatímum sínum á rannsóknartímanum. Samtals var þar um að ræða 17 stundir og 21 mínútur af myndefni. Fréttáflutningur af fjölmiðlafrumvarpinu tók rétt tæpar 3 stundir samtals í 68 fréttum á báðum sjónvarpsstöðvunum á þeim tíma sem rannsóknin nær til.
- Niðurstaða þessarar rannsóknar á umfjöllun sjónvarpsstöðvanna tveggja, Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2, um fjölmiðlafrumvarpið svokallaða eins og hún birtist í fréttatímum þeirra er alveg skýr hvað það varðar að enginn teljandi munur virðist vera á efnistöfum eða afstöðu með eða á móti frumvarpinu.

Efnisyfirlit:

1.	INNGANGUR	4
1.1.	FORMÁLI	4
1.2.	FRAMKVÆMD	5
1.3.	ÚRVINNSLA	6
2.	NIÐURSTÖÐUR	7
2.1.	LENGD FRÉTTA OG STAÐSETNING	7
2.2.	EFNISTÖK OG ÁHERSLUATRÍÐI	9
2.3.	AFSTAÐA MEÐ EÐA Á MÓTI	11
2.4.	AÐ LOKUM	14
V.	VIÐAUKI	16
V.1.	VIÐMÆLENDUR Í FRÉTTATÍMUM	16
V.2.	VIÐMÆLENDUR Í DÆGURMÁLAPÁTTUM	17

1. INNGANGUR

1.1. Formáli

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri¹ stóð fyrir rannsókn á fréttáflutningi sjónvarpsstöðvanna af svokölluðu fjölmiðlafrumvarpi dagana 20. apríl til 7. maí. Í rannsókninni var leitast við að meta hvort munur hefði verið á fréttáflutningi Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 og í hverju sá munur kynni að vera fólgin. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þessarar rannsóknar.

Rannsóknin er unnin af starfsmönnum Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri að beiðni Stöðvar 2. Höfundur skýrslunnar er Kjartan Ólafsson, félagsfræðingur en auk hans kom Guðmundur Ævar Oddsson, starfsmaður RHA að framkvæmd rannsóknarinnar og öflun gagna.

¹ Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) er sjálfstæð stofnun innan Háskólans á Akureyri. Hlutverk RHA er að stuðla að og styðja við vísindalega starfsemi innan Háskólans og er stofnunin tengiliður milli Háskólans og atvinnulífsins hvað varðar rannsókn- og þróunarstarf. RHA aflar tekna til starfsemi sinnar með öflun rannsóknastyrkja, verkefnum og þjónustu

1.2. Framkvæmd

Rannsóknin náði yfir tímabilið frá 20. apríl og til 7. maí að báðum dögum meðtöldum. Upphaf gagnaöflunartímans miðast við það þegar fjölmiðlafrumvarpið svokallaða var lagt fram í ríkisstjórninni en lok hans við þann dag þegar fréttastjóri Stöðvar 2 óskaði eftir að framkvæmd yrði sú athugun sem hér er kynnt. Gagna var aflað frá Ríkissjónvarpinu og Stöð 2 og létu stöðvarnar góðfúslega í té myndbandsupptökur af fréttatímum sínum á rannsóknartímanum. Samtals var þar um að ræða 17 stundir og 21 mínútur af myndefni. Frétttaflutningur af fjölmiðlafrumvarpinu tók hins vegar rétt tæpar 3 stundir samtals á báðum sjónvarpsstöðvunum.

Framkvæmd rannsóknarinnar var með þeim hætti að fengnir voru tveir einstaklingar², dómarar, sem fengu það verkefni að horfa á myndbandsupptökur af fréttum sjónvarpsstöðvanna og að færa mat sitt á fréttunum, ásamt ýmsum upplýsingum, inn á staðlað skráningarform. Dómararnir horfðu tvisvar á hverja frétt. Dómararnir höfðu skýr fyrirmæli um að ræða alls ekki saman um efni fréttanna eða viðhorf sín til þeirra og enn fremur máttu þau að sjálfsögðu ekki bera saman bækur sínar varðandi skráningu á almennri upplifun eða vægi efnisatriða.

Mati hvernar fréttar var í stórum dráttum skipt í þrennt:

- Inngangur, þ.e. sá texti sem þulur les á undan fréttinni sjálfri.
- Fréttin sjálf, þ.e. það sem viðkomandi fréttamaður sagði.
- Viðmælendur, þ.e. það sem viðmælendur í mynd höfðu fram að færa og voru ummæli hvers viðmælanda metin sérstaklega.

Varðandi innganginn, fréttina og hvern viðmælanda áttu dómararnir að taka afstöðu til eftifarandi:

- Almenn upplifun en þar átti dómarinn að skrá almenna upplifun sína á efnistöfum fréttarinnar, þ.e. hvort lyft væri upp sjónarmiðum sem annað hvort eru með eða á móti.
- Vægi efnisatriða en þar átti dómarinn að skrá hversu mikil áhersla væri lögð á tiltekin efnisatriði en það voru:
 - Takmörkun á eignarhaldi
 - Trygging fjölbreytni

² Um var að ræða tvo nemendur við Háskólann á Akureyri, karl og konu.

- Málsmeðferðin
- Áhrif á rekstrarafkomu Norðurljósa
- Takmörkun á málfrelsi
- Þjóðréttarlegar skuldbindingar

Auk ofangreindra þátta var skráð lengd hvernar fréttar, staðsetning innan fréttatímans og lengd hvers fréttatíma. Samtals voru 68 fréttir metnar með þessum hætti.


1.3. Úrvinnsla

Þau gögn sem aflað var til rannsóknarinnar eru vitaskuld nokkuð háð huglægu mati þeirra einstaklinga sem settust í dómarsæti og þrátt fyrir að notast sé við samanlagða niðurstöðu tveggja einstaklinga er ljóst að nokkur skekkja getur verið í mati á hverri frétt um sig. Að líkindum má þó gera verði ráð fyrir að slíkt jafnist út þegar að mestu þegar mat á mörgum fréttum legst saman. Auk þess er mati hvernar fréttar skipt upp í undirþætti og með því móti leitast við að komast hjá því að dómarnir þurfi að styðjast um of við huglægt mat sitt. Varðandi áreiðanleika niðurstaðnanna má því segja að nokkur hætta sé á mæliskekkju þegar litið er á einstakar fréttir en að sú mæliskekkja ætti að vegast upp þegar á heildina er litið.

2. NIÐURSTÖÐUR

2.1. Lengd fréttar og staðsetning

Beinum fyrst sjónum okkar að umfangi umfjöllunarinnar. Líkt og áður sagði vörðu sjónvarpsstöðvarnar til samans rétt um þremur stundum í fréttaflokkning af fjölmiðlafrumvarpinu á því tímabili sem hér er til skoðunar í samtals 68 fréttum. Á sama tíma stóðu fréttatímar sjónvarpsstöðvanna í 17 stundir og 21 mínútu. Það þýðir að samtals fóru um 17% af útsendingartíma fréttar á athugunartímanum í umfjöllun um fjölmiðlafrumvarpið. Á Stöð 2 voru fluttar 37 fréttir sem samtals tóku 1:33 (s:m) í flutningi. Ríkissjónvarpið flutti hins vegar 31 frétt (þar af 6 í seinni fréttatíma) sem tóku samtals 1:26 (s:m) í flutningi. Stöð 2 varði þannig 7 mínútum lengri tíma í fréttaflokkning af fjölmiðlafrumvarpinu en Ríkissjónvarpið gerði á sama tíma. Heildar fréttarútsendingartími Stöðvar 2 var hins vegar nokkru styttri en Ríkissjónvarpsins eða 6:14 (s:m) á móti 11:07 (s:m) hjá Ríkissjónvarpinu, þar af 3:01 (s:m) í seinni fréttum.




Mynd 2.1. Heildarlengd fréttar af fjölmiðlafrumvarpinu, greint eftir sjónvarpsstöðvum.

Þegar tekið er mið af því að heildar útsendingartími fréttar Ríkissjónvarpsins er lengri en á Stöð 2 er ljóst að umfjöllun um fjölmiðlafrumvarpið er ekki aðeins 7 mínútum lengri á Stöð 2 á rannsóknartímanum, heldur ver Stöð 2 stærri hluta af fréttarútsendingum sínum til umfjöllunar um þetta tiltekna mál eða samtals um 25% á móti rúmum 15% þegar horft er á aðalfréttatíma Ríkissjónvarpsins. Þar með verður því þó ekki slegið föstu að fréttastofa

Stöðvar 2 hafi lagt meiri áherslu á umfjöllun um fjölmiðlafrumvarpið en fréttastofa Ríkissjónvarpsins. Til að draga slíka ályktun þyrfti að líta til staðsetningar fréttanna einnig og þess hvort þeim er skipað í yfirlit helstu fréttanna (helstið).

Sé litið á röðun innan fréttatíma er umfjöllun um fjölmiðlafrumvarpið fyrsta frétt í um 18% tilvika og önnur frétt í tæplega 27% tilvika. Aðeins 15% fréttanna þar sem rætt er um fjölmiðlafrumvarpið eru aftar en fimmta frétt og í um 60% tilvika komast þessar fréttir í „helstið“ sem sýnir ágætlega, ásamt því rými sem báðar sjónvarpsstöðvarnar hafa gefið þessu eina máli í fréttatímum sínum, hversu „heitt“ málið hefur verið á þeim tíma sem hér er til skoðunar.


Ef bornir eru saman aðalfréttatímar Ríkissjónvarpsins og fréttir Stöðvar 2 er frétt af fjölmiðlafrumvarpinu mun oftast fyrsta eða önnur frétt hjá Ríkissjónvarpinu en hjá Stöð 2 eða í 52% tilvika á móti tæpum 38% hjá Stöð 2. Jafnframt er heldur algengara að frétt af fjölmiðlafrumvarpinu komist í „helstið“ í aðalfréttatíma RÚV en í fréttum Stöðvar 2 eða í 64% tilvika á móti 57% tilvika hjá Stöð 2.



Mynd 2.2. Staðsetning fréttanna af fjölmiðlafrumvarpinu innan fréttatíma, greint eftir sjónvarpsstöðvum.

Það er ef til vill í samræmi við hinn langa umfjöllunartíma að fréttir af fjölmiðlafrumvarpinu færast að jafnaði aftar í fréttatímanna eftir því sem líður á rannsóknartímamann. Þannig eru þær fréttir af fjölmiðlafrumvarpinu sem hér eru til skoðunar fyrsta eða önnur frétt í tæplega 58% tilvika á fyrri helmingi rannsóknartímans en í íflega 31% tilvika á síðari hluta tímans. Breytileiki í

staðsetningu fréttanna eykst líka þegar líður á rannsóknartímann. Þetta getur ef til vill verið til marks um að fréttastofurnar séu að fylgja eftir afmarkaðri hlutum málsins en á síðari hluta tímabilsins koma inn fréttir sem lenda tiltölulega aftarlega í fréttatímunum meðan ekki er munur á fjölda fréttanna sem eru framarlega og lenda í „helstinu“. Ekki er munur á fréttum í Ríkissjónvarpinu og á Stöð 2 hvað þetta varðar.



Mynd 2.3. Þróun í röðun fréttanna innan fréttatíma á rannsóknartímanum, greint eftir sjónvarpsstöðvum.


Niðurstöður rannsóknarinnar hvað varðar lengd og staðsetningu benda ekki til þess að mikill munur sé á sjónvarpsstöðvunum tveimur. Stöð 2 notar heldur meiri tíma en Ríkissjónvarpið til að fjalla um fjölmiðlafrumvarpið en á móti kemur að Ríkissjónvarpið skipar sínum fréttum af málinu framar í fréttatímuna. Stöðvarnar tvær hafa sér auk þess með áþekkingu hætti þegar líður á tímabilið sem getur bent til þess að svipaðar áherslur hafi verið í fréttamatni beggja stöðvanna.

2.2. Efnistöð og áhersluatriði

Einn mikilvægasti þáttur í áhrifavaldi fjölmiðla er að þeir geta með umfjöllun sinni komið tilteknum málum „á dagskrá“ ef svo má segja. Til að meta efnistöð í fréttaflokkningi sjónvarpsstöðvanna voru dómarnir látnir svara því hversu mikil eða lítil áhersla væri lögð á tiltekna efnisþætti sem voru: Takmörkun á eignarhaldi, trygging fjölbreytni, málsmeðferðin, áhrif á rekstrarafkomu Norðurljósa, takmörkun á málfrelsi og þjóðréttarlegar skuld-

bindingar. Við matið var litið til þess hvernig þessar áherslur birtust í fyrsta lagi í inngangi að fréttinni, í öðru lagi í því sem viðkomandi fréttamaður sagði og svo í þriðja lagi því sem viðmælendur í fréttinni höfðu fram að færa og var hver viðmælandi metinn sérstaklega. Samtals mynda þessir þrír þættir mat á áherslu á hvert efnisatriði þar sem hver þáttur (inngangur, texti fréttamanns og viðmælendur) vege þriðjung.

Almennt séð er mest áhersla lögð á málsmeðferðina í þeim fréttum sem hér eru til skoðunar. Fast á eftir fylgir áhersla á takmörkun á eignarhaldi (sem er jú það sem umrædd löggjöf snýst um að stórum hluta). Þar á eftir kemur svo nauðsyn þess að tryggja fjölbreytni í eignarhaldi og áhersla á rekstrarafkomu Norðurljósa. Lítil áhersla er hins vegar lögð á umræðu um þjóðréttarlegar skuldbindingar eða takmörkun á málfrelsi. Enginn munur er á sjónvarpsstöðvunum tveimur hvað þetta varðar.




Mynd 2.4. Áhersla á umræðu um tiltekin efnisatriði, greint eftir sjónvarpsstöðvum.

Litlar sem engar breytingar er að finna í þeirri áherslu sem lögð er á umræðu um tilekin efnisatriði á því tímabili sem hér er til skoðunar. Með öðrum orðum virðast áherslur í umræðunni ekki vera að færast til eftir því sem umræðunni vindur fram. Þannig er mest áhersla á umræðu um málsmeðferðina og takmörkun á eignarhaldi bæði á fyrri og síðari hluta athugunartímans og sömuleiðis minnst áhersla á þjóðréttarlegar skuldbindingar og takmörkun á málfrelsi.

2.3. Afstaða með eða á móti

Eitt af því sem dómarnir voru beðnir að meta hvort í hverri frétt fyrir sig væri lagst á sveif með eða á móti fjölmiðlafrumvarpinu. Þar var notast við sömu aðferð og við mat á efnistöfum fréttanna, það er að segja hverri frétt var skipt upp í inngang, texta fréttamanns og svo framlag viðmælanda og hver þessara þriggja þátta metinn sérstaklega. Saman mynda þeir hins vegar mat á því hvort í tiltekinni frétt felist afstaða með eða á móti fjölmiðlafrumvarpinu.

Kvarðinn sem notaður var við matið tekur gildi frá 1–7 þar sem 1 merkir afstöðu sem er mjög á móti fjölmiðlafrumvarpinu en 7 merkir afstöðu sem er mjög meðmælt frumvarpinu. Gildið 4 þýðir að afstaðan er hlutlaus. Almennt er sú afstaða sem fram kemur í fréttum sjónvarpsstöðvanna, einkum þó inngangi og texta fréttamanna, mjög nálægt því að vera hlutlaus í afstöðu gagnvart fjölmiðlafrumvarpinu. Helsta frávikið er hjá Ríkissjónvarpinu sem virðist leita til heldur fleiri viðmælanda sem eru neikvæðir í afstöðu sinni til frumvarpsins.



Mynd 2.5. Frávik frá hlutlausri afstöðu til fjölmiðlafrumvarpsins, greint eftir sjónvarpsstöðvum³.

Þrátt fyrir að afstaðan til fjölmiðlafrumvarpsins eins og hún birtist í meðaltalsafstöðu með eða á móti virðist mjög einsleit er vert að líta einnig til dreifingar í matinu, það er að segja hversu langt fréttáflutningurinn sveiflast í átt til jákvæðrar eða neikvæðrar afstöðu. Þá kemur í ljós að afar sjaldgæft er að í


³ Jákvætt gildi merkir afstöðu með fjölmiðlafrumvarpinu en neikvætt gildi merkir afstöðu á móti frumvarpinu.

inngangi að fréttum sé talin felast afstaða sem er annað hvort með eða á móti. Sömuleiðis er sjaldgæft að slíkt sé til staðar í þeim texta sem fréttamenn lesa með fréttum sínum. Afstaða viðmælenda eða þeirra sem tjá skoðanir sínar í fréttunum er hins vegar mun afdráttarlausari og á báðum stöðvum sveiflast þeir frá því að vera mjög á móti og til þess að vera mjög meðmæltir. Þegar upp er staðið virðast báðar sjónvarpsstöðvarnar hins vegar hafa rætt jöfnum höndum við fulltrúa beggja sjónarmiða.

Tafla 2.1. Mat á afstöðu til fjölmiðlafrumvarpsins, meðaltal, lægsta gildi og hæsta gildi undirþátta, greint eftir stöðvum.

	Meðaltal		Lægsta gildi		Hæsta gildi	
	RÚV	Stöð 2	RÚV	Stöð 2	RÚV	Stöð 2
Inngangur að frétt	4,0	3,9	3,5	2,5	4,0	4,0
Texti fréttamanns	4,0	3,6	3,5	2,5	4,0	4,0
Viðmælendur	3,4	3,8	1,0	1,0	7,0	7,0

Þegar litið er á meðaltal yfir allt tímabilið virðast fréttir sjónvarpsstöðvanna hafa verið tiltölulega hlutlausar í afstöðu sinni til fjölmiðlafrumvarpsins. Hægt er að flokka fréttirnar upp eftir því hvort þær eru hlutlausar í afstöðu sinni eða setja frekar fram sjónarmið sem eru með eða á móti. Þá kemur enn frekar í ljós sá litli munur sem er á sjónvarpsstöðvunum.




Mynd 2.6. Hlutfall fréttanna sem flokkast með, á móti eða hlutlausar gagnvart fjölmiðlafrumvarpinu, greint eftir stöðvum.

Varðandi þetta má hins vegar spyrja hvort jákvæðar eða neikvæðar fréttir hafi fengið mismunandi vægi hvað varðar tíma eða staðsetningu í fréttatímum. Þegar litið er á þann tíma sem varið er í umfjöllunina eingöngu, kemur í ljós að hlutfallslega er enginn munur milli sjónvarpsstöðvanna á jákvæðri eða

neikvæðri umfjöllun um fjölmiðlafrumvarpið. Þannig verja báðar stöðvar hér um bil þriðjungur þess tíma sem varið er til umfjöllunar um frumvarpið í fréttir sem teljast vera heldur á móti og um 28% tímans í fréttir sem eru frekar meðmæltar. Þegar litið er á staðsetningu innan fréttatímanna eða hvort fréttir komast í „helstið“ kemur í ljós að fréttir sem teljast vera heldur á móti frumvarpinu eru ívið líklegri til að komast í yfirlit helstu fréttar hjá Ríkissjónvarpinu og lenda einnig heldur frammar í fréttaröðinni.

Að endingu má velja því upp hvort afstaða til frumvarpsins hafi breyst með tímanum en svo virðist hins vegar ekki vera. Hvorki virðist um það að ræða að matið breytist með tímanum né að skilji í sundur með sjónvarpsstöðvunum tveimur. Þannig má allt tímabilið finna fréttir sem fyrst og fremst sveiflast í kringum einhverskonar hlutleysi og þar sem virðist leitast við að setja jafnt fram sjónarmið sem eru með eða á móti fjölmiðlafrumvarpinu.



Mynd 2.7. Þróun í heildarmati á afstöðu til fjölmiðlafrumvarpsins, greint eftir stöðvum.

Niðurstaða athugunar á því hvort í fréttum af fjölmiðlafrumvarpinu felist afstaða með eða á móti frumvarpinu er skýr hvað þar varðar að bæði hjá Ríkissjónvarpið og Stöð 2 koma mismunandi viðhorf fyrst og fremst frá viðmælendum. Framlag fréttamannanna sjálfra er í meginatriðum hlutlaust en þó í einhverjum tilvikum heldur á móti. Í því sambandi má hins vegar benda á það almenna hlutverk fjölmiðla að gagnrýna og veita (stjórnvöldum) aðhald. Sé horft á málið frá þeim sjónarhól mætti í raun gagnrýna báðar

sjónvarpsstöðvarnar fyrir að leggja sig um of eftir því að skýra frá sjónarmiðum þeirra sem meðmæltir eru frumvarpinu.

Þegar litið er á efnistöð og afstöðu með eða á móti í fréttum Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 af fjölmiðlafrumvarpinu svokallaða er niðurstaða þessarar athugunar alveg skýr hvað það varðar að enginn teljandi munur virðist vera milli stöðvanna á meðhöndlun málsins. Nokkur munur er á því vægi sem umfjöllun um málið fær á hvorri stöð þegar litið er á frétttaflutning af fjölmiðlafrumvarpinu sem hlutfall af heildarlengd fréttatíma hvorrar stöðvar á athugunartímanum. Þessi munur endurspeglar hins vegar ekki í því vægi fréttanna sem lesa má úr röðurn þeirra innan einstakra fréttatíma eða hvort þeim er skipað í yfirlit helstu fréttanna.

2.4. Að lokum

Megin niðurstaða þessarar rannsóknar er að afar lítil munur virðist vera á frétttaflutningi Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 af hinu svokallaða fjölmiðlafrumvarpi á þeim tíma sem rannsóknin tekur til, það er að segja frá 20. apríl til 7. maí. Þegar litið er á það vægi sem umfjöllun um þetta tiltekna mál fær er ljóst að Stöð 2 hefur bæði varið ívið lengri tíma til umfjöllunar um málið og jafnframt stærri hluta af frétttaútsendingartíma stöðvarinnar. Ríkissjónvarpið hefur hins vegar skipað sínum fréttum af málinu ívið framur þegar litið er á röð fréttanna innan hvers fréttatíma. Varðandi þær áherslur sem sjónvarpsstöðvarnar hafa lagt í frétttaflutningi sínum verður ekki annað ráðið af þeim gögnum sem hér eru til skoðunar að þær séu hinar sömu. Ennfremur virðist ljóst að báðar sjónvarpsstöðvarnar virðast leitast við að fylgja einhvers konar hlutleysisstefnu í afstöðu sinni til málsins þar sem teft er jöfnum höndum fram sjónarmiðum sem eru með og á móti.

Vitaskuld er mögulegt að sú rannsóknaraðferð sem hér hefur verið beitt gagnist einfaldlega ekki til að greina mun á málsmeðferð sjónvarpsstöðvanna. Meðal þess sem unnt er að skoða nánar er orðanotkun fréttamanna og viðmælenda þeirra sem er mögulegt með því að greina orðréttu afritun frétttaefnis í svokölluðum Ljósavakahandritum sem safnað er af Fjölmiðlavaktinni. Ráðist var í að afla þessara gagna til rannsóknarinnar en frumgreining þeirra virðist hins vegar aðeins staðfesta það sem þegar hefur

komið fram um þann litla mun sem virðist vera á umfjöllun sjónvarpsstöðvanna um fjölmiðlafrumvarpið svokallaða.

V. VIÐAUKI

V.1. Viðmælendur í fréttatímum

Í þeim fréttum sem hér hafa verið til skoðunar eru skráð samtals 133 tilvik þar sem rætt er við viðmælendur eða þar sem tilteknir einstaklingar tjá skoðanir sínar, til dæmis úr ræðustól Alþingis. Sumir koma vitaskuld fram oftast einu sinni og er því samtals um að ræða 54 einstaklinga, þar af eru 9 konur. Um helmingur viðmælendanna kemur fram í fréttum beggja sjónvarpsstöðvanna. Þeir viðmælendur sem aðeins koma fram í fréttum annarrar stöðvarinnar skiptast hins vegar nokkuð í afstöðu sinni sem leiðir til þess (og sem komið hefur fram hér að framan) að sjónvarpsstöðvarnar ræða við hér um bil jafn marga fylgismenn og andstæðinga frumvarpsins.

Tafla V.1. Viðmælendur í fréttum sjónvarpsstöðvanna af fjölmiðlafrumvarpinu.

Á báðum stöðvum:	Í fréttum Ríkissjónvarpsins:	Í fréttum Stöðvar 2:
Arnar Björnsson	Bryndís Hlökkversdóttir	Ástþór Magnússon
Árni Magnússon	Guðjón A. Kristjánsson	Birgir Ármannsson
Bjarni Benediktsson	Guðni Ágústsson	Elsa B. Friðfinnsdóttir
Björn Bjarnason	Gunnar Örlygsson	Geir H. Haarde
Davíð Oddsson	Jón Kristjánsson	Gunnar Jónsson
Davíð Þór Björgvinsson	Kristinn Hrafnsson	Hallgrímur Helgason
Filip Van Elsen	Magnús Þór Hafsteinsson	Haraldur Sveinsson
Floyd Abrams	Markús Örn Antonsson	Helga Guðrún Jónsdóttir
Guðmundur Gunnarsson	Ólafur Þ. Harðarson	Hjálmar Árnason
Halldór Ásgrímsson	Sigmundur Ernir Rúnarsson	Ingimundur Sigurpálsson
Halldór Blöndal	Stefán Geir Þórisson	Karin Deutsch Karlekal
Hreinn Loftsson	Steingrímur J. Sigfússon	Páll Magnússon
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir	Ögmundur Jónasson	Pétur Blöndal
Jón Ásgeir Jóhannesson		Ragnar Aðalsteinsson
Jón Steinar Gunnlaugsson		Sigurður G. Guðjónsson
Jónína Bjartmarz		
Kolbrún Halldórsdóttir		
Kristinn H. Gunnarsson		
Kristín H. Friðriksdóttir		
Mörður Árnason		
Róbert Marshall		
Skarphéðinn B. Steinarsson		
Styrmir Gunnarsson		
Þorgerður Katrín Gunnarsd.		
Þórlindur Kjartansson		
Össur Skarphéðinsson		

V.2. Viðmælendur í dægurmálapáttum

Auk beinnar frétttaumfjöllunar um fjölmiðlafrumvarpið hafa umræður um það fengið umtalsvert rými í dægurmálapáttum sjónvarpsstöðvanna. Umfjöllun á þessum vetvangi lýtur nokkuð öðrum lögmaðlum en hefðbundnar fréttir en samt þótti við hæfi að kalla eftir upplýsingum frá stjórnendum þessara þátta um það hvaða einstaklingar hefðu tekið þátt í umræðum um þetta tiltekna málefni. Þá kemur í ljós að skörun er ekki jafn mikil milli sjónvarpsstöðvanna og í hópi viðmælenda í fréttum (sem er í raun það sem við er að búast þar sem stjórnendur dægurmálapáttanna leitast ugglaust við að komast hjá því að endurtaka þá umfjöllun sem þegar hefur farið fram á hinni sjónvarpsstöðinni). Hins vegar virðist tæpast hægt að greina afgerandi einsleitni í skoðunum þeirra sem fram hafa komið í þessum þáttum.

Tafla V.2. Viðmælendur í þeim dægurmálapáttum sjónvarpsstöðvanna þar sem rætt var um fjölmiðlafrumvarpið.

Á báðum stöðvum:	Í kastljósi Ríkissjónvarpsins:	Í „Ísland í dag“ á Stöð 2:
Þorgerður Katrín Gunnarsd.	Þorfinnur Ómarsson	Einar Oddur Kristjánsson
Össur Skarphéðinsson	Egill Helgason	Gunnar Smári Egilsson
Mörður Árnason	Sveinn Helgason	Álfheiður Ingadóttir
	Birgir Ármannsson	Ragnar Aðalsteinsson
	Sigurjón Þórðarson	Davíð Þór Björgvinsson
	Halldór Ásgrímsson	Jónatan Þórmundsson
	Steingrímur J. Sigfússon	Hróbjartur Jónatansson
	Guðjón Arnar Kristjánsson	Arnþór Halldórsson
	Róbert Marshall	Sigurður G. Guðjónsson
	Ólafur Teitur Guðnason	Hannes H. Gissurarson
	Pétur Gunnarsson	Ólafur Þ. Harðarson
		Gunnar Helgi Kristinsson
